

Fundargerð 970. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 25. febrúar kl. 21:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Margrét Sigurðardóttir, Saga Guðmundsdóttir, starfsfólk Sambandsins, Rakel Guðmundsdóttir frá Reykjavíkurborg og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Staða kjaraviðræðna - 2406015SA**

Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar sveitarfélaga og Rakel Guðmundsdóttir, formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar gerðu grein fyrir stöðu kjaraviðræðna við Kennarasamband Íslands og kynntu hugmyndir að þeim leiðum sem verið er að skoða til að ná kjarasamningum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkir þær tillögur sem samninganefnd kynnti á fundinum og felur samninganefnd að undirrita innanhússtillögu í kjaradeilu við KÍ.

Fundi var slitið kl. 22:25